

Mosfellsbær
Sindri Birgisson
Þverholt 2
270 Mosfellsbær

Garðabær, 2. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0005
IAS

Efni: Tungumelar athafnasvæði.

Vísað er í erindi frá Mosfellsbæ, dagsettu 4. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna lýsingar á nýju deiliskipulagi fyrir Tungumela.

Í lýsingu stendur: „Skipulagssvæðið er innan skilgreinds svæðis fyrir athafnasvæði, 202-A Tungumelar sunnan Fossavegar, samkvæmt Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030.“

„Markmið deiliskipulagsins er að koma fyrir fjölbreyttum atvinnulóðum og útfæra gatnakerfi með góða tengingu við Hringveg um Fossaveg. Fella skal lóðir, byggingareiti og götur að landi og náttúrulegum staðhátum og að taka tillit til ræktaðra svæða og nálægð við Köldukvísl.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Skipulagssvæðið er í nálægð við náttúruvættið Tungufoss og friðlandið Varmárósa og Kaldakvísl sem rennur rétt við skipulagssvæðið tengist báðum þessum friðlýstu svæðum. Þá nýtur 100 m breitt svæði beggja vegna Köldukvísar hverfisverndar. Því er mikilvægt að framkvæmdir á svæðinu og sú starfsemi sem þar verður hafi ekki áhrif á Köldukvísl og verði ekki til að rýra verndargildi friðlýstu svæðanna.

Tungumelar eru forn óseyri mynduð við hærri sjávarstöðu og þar hafa fundist fornskeljar frá síðjökultíma sem gefa upplýsingar um sögu jökulhörfunar á svæðinu. Mest náttúruverndargildi hefur suðurjaðar melanna næst Köldukvísl en sá hluti er að miklu leyti innan þess svæðis sem nýtur hverfisverndar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt til frekari athugasemda á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

